

38. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir 1859.
vesturumdæminu, um gjafakorn til Snæfellsnes sýslu. 3. septemb.

Þér hafið, herra amtmaður, í bréfi 3. f. m. farið þess á leit, að dómsmálastjórnin hlutist til um að útvega svo sem 400 eður 500 tonn af korni, til þess að afstýra með því móti hallæri, er menn annars óttast fyrir muni að höndum bera í þremur bágstöddustu hreppunum í Snæfellsnes sýslu, en það eru Breiðavíkur hreppur, Staðarsveit og Eyrarsveit.

Um þetta efni tilkynnist yður, að sendar verða hëðan 500 tonn af rúgi, með skipi nokkru, er agent Clausen á, og um þessar mundir fer til Stykkishólms; má útbýta korni þessu ókeypis til hinna nauðstöddustu af íbúum Snæfellsnes sýslu, einkum í þeim þremur hreppum, er áður voru nefndir. Korninu verður úthlutað eptir fyrirsögn yfirvaldsins, og eruð þér beðnir að gæta þess, að því verði að eins útbýtt til þeirra sveita, sem eru í raun og veru nauðstaddar, og að því sé skipt milli þeirra eptir uppástungu, er þar um sé gjörð af sýslumanni, og samþykkt af yður; einnig eruð þér beðnir að senda reikning með skilríkjum, svo sem vera ber, um úthlutun kornsins og skýrslu um það, hvernig því hafi verið útbýtt.

Þess skal getið, að eigi skal útbýta korninu ókeypis, nema til þess beri óumflýjanleg nauðsyn, og hefur því verið svo um samið við agent Clausen, að hann taki inn í verzlun sína það af korninu, sem ekki kynni nauðsynlega við þurfa til útbýtingar í hinum nauðstöddu sveitum.

Dómsmálastjórnin vonast eptir að fá skýrslu frá yður um það, hvað gjört verður í þessu efni, og um það, hvernig ástatt er yfir höfuð að tala.

39. Bréf dómsmálastjórnarinnar til hins setta sýsl- 13. sept.
manns í Húnavatns sýslu, um kornlán.

Þér hafið, herra kammerráð, ásamt Jósep héraðslækni Skaptasyni, í bréfi 26. júlí þ. á. skýrt frá, að á sýslufundi, er